



Reykjavík 7. október 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

**Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar
um
frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru
og menningarsögulegum minjum
(133. mál)**

Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) vísar til fyrri umsagnar félagsins um málið þegar það var til afgreiðslu á vörpingi 2015 (þingskjal 649 – 427. mál) og er umsögnin meðfylgjandi umsögn þessari.

Með vísan í áður innsenda umsögn SL um málið og þær breytingar sem hafa orðið á frumvarpinu leggur SL til að félagið eigi fulltrúa í ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára enda er sagt í 3. gr frumvarpsins: „Landsáætlunin tekur til verndaraðgerða, öryggismála, uppbyggingar.....”

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur verið leiðandi síðustu árin í öryggismálum ferðamanna og ferðaþjónustu og telur því að sú þekking og reynsla sem hjá félaginu býr muni nýtast vel í því starfi sem ráðgjafanefndinni er ætlað að sinna.

Lagt er til að að inn í 6. gr bætist við textinn "einn af Slysavarnafélaginu Landsbjörg" og því hljóði greinin svo:

Ráðherra skipar til þriggja ára í senn ráðgjafarnefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára. Einn fulltrúi er tilnefndur af Minjastofnun, einn af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn af Ferðamálastofu, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Samtökum ferðaþjónustunnar, einn af Slysavarnafélaginu Landsbjörg, einn af Landssamtökum landeigenda, einn af ferðamálasamtökum, einn af útivistarfélögum, einn af náttúruverndarsamtökum og einn af háskólasamfélaginu. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti. Ráðgjafarnefnd er verkefnisstjórn til ráðgjafar og samráðs við undirbúning stefnumarkandi landsáætlunar til tólf ára.

Að ofansögðu er fyrri umsögn SL um málið ítrekuð.

Virðingarfyllt
f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Jón Svaneberg Hjartarson
framkvæmdastjóri



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Reykjavík 25.02.2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

um

Frumvarps til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

(Þingskjal 649 – 427. Mál)

Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) fagnar því að sett séu lög sem taki á uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn í náttúru landsins og að sú landsáætlun sem áætluð er taki sérstaklega á öryggismálum.

Árið 2014 sinntu björgunarsveitir félagsins 2.500 atvikum þar sem ferðamenn áttu í hlut. Langstærsti hluti þessara atvika átti sér stað á þekktum ferðamannastöðum eða svæðum. Rúmlega 6.000 ferðamenn komu við sögu í þessum atvikum.

Síðustu ár hafa þessi atvik verið kortlögð eftir fremsta megni og rýnt í möguleikar orsakir. Niðurstöður hafa m.a. verið nýttar innan Safetravel verkefnisins sem er samstarfsverkefni um öryggismál ferðamanna og er rekið í samstarfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, stofnana og margra helstu hagsmunaaðila ferðapjónustunnar. Unnið hefur verið að merkingum, skiltagerð, uppbyggingu á skjáupplýsingakerfi ferðamanna á landsvísu, vefnum safetravel.is ásamt fjölda annara verkefna.

2.gr. – Gildissvið og skilgreiningar.


Afar jákvætt er að skilgreina staði, svæði og leiðir. Sé horft sérstaklega til gönguleiða þarf að stíga fleiri skref en að skilgreina leiðirnar. „Erfiðleikagráðun“ er jákvæð þó oft sé hún flókin í framkvæmd, jafnvel hættuleg vegna mismunandi aðstæðna, t.d. vegna árstíma. Einnig verður að horfa til viðhalds þessara leiða en mörg óhöpp, slys og jafnvel banaslys hafa orðið á vinsælum leiðum vegna þess að það vantar skilgreindan ábyrgðaraðila viðkomandi leiðar. Upphaflega hefur gönguleið verið stikuð og merkt, farið þannig inn á landakort, erlenda vefmiðla og fleiri miðla sem innlendir og erlendir ferðamenn nota. Ef annaðhvort fjármagn eða ábyrgðaraðila vantar er hætt við að stikun og merkingum sé ekki viðhaldið og er mjög mörg dæmi þess á fjölförnum ferðamannaleiðum. Afleiðingin er sú að ferðamenn geta villst, orðið fyrir slysum og óhöppum. Það er því gríðarleg ábyrgð fólgin í því að skilgreina og merkja gönguleiðir og verður þeirri ábyrgð að fylgja fjármagn til viðhalds og eftirlits.

3.gr. – Stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára.

Hér kemur fram að „...horft sé til heildarlausna í uppbyggingu innviða og öryggi ferðamanna sé tryggt.“ Mikilvægt er að við uppbyggingu innviða sé horft til stýringar ferðamanna með öryggismál að leiðarljósi. Við uppbyggingu ferðamannastaða og svæða þarf t.d. að tryggja að aðgengi bjarga sé fullnægjandi og gæta þess sérstaklega að ekki sé neitt í veginum sem hindrar eða tefur. Tryggja þarf að mannvirki á ferðamannastöðum og svæðum séu hönnuð og byggð þannig að tryggt sé að þangað megi koma björgum svo sem sjúkra- og björgunarþjófum sem og smærri farartækjum ef á þarf að halda.

Virðingarfyllt

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar


Jón Svaneberg Hjartarson

framkvæmdastjóri